



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 6. ágúst 2026

Efni: Umsögn umboðsmanns barna um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd

Vísað er í samskipti umboðsmanns barna og mennta- og barnamálaráðuneytisins, sbr. bréf umboðsmanns, dags. 23. júlí sl. og svar ráðuneytisins, dags. sama dag, varðandi umsögn um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd, sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 20. júlí sl. Þakkar embættið fyrir veittan frest til 7. ágúst til þess að skila umsögn um málið.

Umboðsmaður barna skilaði umsögn um frumvarpsdrög í samráðsgátt þann 12. janúar 2026 og síðar umsögn til velferðarnefndar Alþingis um framlagt frumvarp þann 15. apríl 2026. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu áður en frumvarpið var lagt fyrir velferðarnefnd og fagnaði umboðsmaður því að tekið hafi verið tillit til ýmissa þeirra athugasemda sem embættið hafði sett fram í umsögn í samráðsgátt. Í umsögn umboðsmanns barna, dags. 12. janúar 2026, kom fram að ánægjulegt væri að komið hafi verið til móts við sjónarmið barna við útfærslu ákvæðis um útivistartíma barna. Þá kom jafnframt fram að sambærileg sjónarmið um lengri útivistartíma hefðu komið fram á Barnapingi 2025. Umboðsmaður benti þó á að skýra þyrfti ákvæðið betur sem síðar var brugðist við. Þykir umboðsmanni það því miður að horfið hafi verið frá þeim breytingum sem áður höfðu verið lagðar til um útivistartíma barna. Ákvæðið sjálft hefur ekki verið felld brott úr frumvarpi til nýrra heildarlaga um barnavernd heldur stendur það áfram, efnislega óbreytt frá gildandi barnaverndarlögum. Þess í stað hefur verið lagt fram sérstakt frumvarp um útivistartíma barna. Að mati umboðsmanns hefði verið æskilegra að breytingar á útivistartíma yrðu afgreiddar samhliða nýjum heildarlögum um barnavernd, enda leiðir sú málsmæðferð sem nú er valin til þess að tvö frumvörp sem verða til meðferðar á Alþingi gera ráð fyrir ólíkri útfærslu ákvæðisins um útivistartíma barna.

Þá telur umboðsmaður tilefni til að fjalla sérstaklega um fyrirhugaða aukningu á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta með börnum í föstri í ljósi nýrrar skýrslu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um eftirlitsskyldur barnaverndarþjónusta með börnum í föstri.

Í skýrslunni kemur fram að fæstar barnaverndarþjónustur uppfylli þann lágmarksfjölda eftirlitsheimsókna til fósturheimila sem nú er kveðið á um í lögum. Samkvæmt drögum frumvarpsins er lagt til að eftirlit verði aukið þannig að heimsóknir verði fjórar á ári fyrstu tvö árin og tvær eftir það, í stað tveggja heimsókna fyrsta árið og einnar á ári eftir það. Umboðsmaður leggur áherslu á að tryggt verði að barnaverndarþjónustur geti sinnt auknu eftirliti og að jafnframt verði fylgst með því að lögbundnum skyldum sé í reynd sinnt.

Að lokum vill umboðsmaður árétta mikilvægi þess að þær reglugerðir sem frumvarpið gerir ráð fyrir verði settar og taki gildi samhliða lögnum. Reglugerðir eru lykilforsenda þess að ákvæði laganna verði útfærð með samræmdum, skýrum og fyrirsjáanlegum hætti og að stjórnvöld hafi traustan ramma um framkvæmd þeirra frá gildistöku. Að mati umboðsmanns er þetta sérstaklega brýnt í ljósi reynslunnar af framkvæmd gildandi barnaverndarlaga. Í því samhengi má nefna úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála þar sem fram komu verulegir annmarkar á framkvæmd eftirlits með börnum í fóstri og þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað í samfélaginu um stöðu og réttindi barna í fóstri. Samkvæmt núgildandi barnaverndarlögum ber ráðherra að setja reglugerð um innra eftirlit barnaverndarþjónusta, m.a. um heimsóknir á fósturheimili. Þrátt fyrir að sú lagaskylda hafi verið í gildi frá árinu 2011 hefur reglugerðin ekki enn verið sett. Að mati umboðsmanns er mikilvægt að draga lærdóm af þessari reynslu og tryggja að sambærilegar tafir verði ekki á setningu reglugerða.

Að öllu þessu virtu hvetur umboðsmaður barna til þess að frumvarpið verði endurskoðað með framangreind sjónarmið um hagsmuni og réttindi barna í huga.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna